

NÁMSLEIÐ

Tæknilæsi og tölvufærni
– íslenska



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

NAFN NÁMSKRÁR

Tæknilæsi og tölvufærni

númer 21-489-45

Skref til sjálfshjálpar í lestri og ritun

Númer 16-167-1-40

NÁMSLEIÐ

Tæknilæsi og tölvufærni - íslenska 21-489-45, 16-167-1-40

VINNUSTUNDIR NEMA

62 klukkustundir alls

HVERJUM ÆTLAÐ

Fullorðnu fólki eldra en 18 ára

ÚTGEFANDI

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 2026.

Gert af: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Staðfest af FA samkvæmt reglum um uppbrot námskráa FA

Efnisyfirlit

Námsleið – námskrá.....	2
Titill: Tæknilæsi og tölvufærni - íslenska.....	2
Námskrá: Tæknilæsi og tölvufærni,.....	2
Skref til sjálfshjálpar í lestri og skrift.....	2
Námsleið lýsing: Tæknilæsi og tölvufærni - íslenska.....	2
Skipulag.....	3
Hæfniviðmið náms.....	3
Námsmat.....	4
Yfirlitstafla.....	5
Námsleið: Tæknilæsi og tölvufærni - íslenska.....	5
Námsþættir.....	6
Tæknifærni og tæknilæsi F- TÆTÖ2TÆ.....	6
Stýrkerfi F- TÆTÖ2ST).....	7
Skýjalausnir F- TÆTÖ2SK.....	8
Sjálfvirkni og gervigreind F- TÆTÖ2SK.....	9
Öryggisvitund F- TÆTÖ2ÖR.....	10
Fjarvinna og fjarnám F- TÆTÖ2FJ.....	11
Lestur F- TUNG1LE_1.....	12
Ritun F- TUNG1RE_3.....	13



Námsleið – námskrá

Vísað er til vefsíðu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (www.frae.is) á lista yfir hugtök í námskrám, námsleiðum og námslýsingum FA.

Titill: Tæknilæsi og tölvufærni - íslenska

Námskrá: Tæknilæsi og tölvufærni,
Skref til sjálfshjálpar í lestri og skrift

Námsleið lýsing: Tæknilæsi og tölvufærni - íslenska

Námsleiðin sem hér er lýst er hluti af námskrá FA Tæknilæsi með tölvufærni og Skref til sjálfshjálpar í lestri og ritun.

Tilgangur námsins er er að auka tæknilæsi og tölvufærni námsmanna með það að leiðarljósi að efla hæfni einstaklinga til að takast á við breytingar og undirbúa þá þannig til að halda í við tækni framfarir í atvinnulífinu. Allir sex námsþáttum námskrárinnar *Tæknilæsi með tölvufærni* liggja til grundvallar og tveir námsþættir Lestur og ritun í *Skrefi til sjálfshjálpar í lestri og ritun* er nýttir hér í sérstaka námsleið.

Heildarnámstími námsleiðar er 62 klukkustundir en námskráin Tæknilæsi með tölvufærni er alls 45 klukkustundir og Skref til sjálfshjálpar í lestri og ritun er alls 40 klukkustundir.

Skipulag

Viðurkenndur fræðsluaðili ber ábyrgð á framkvæmd námsins og skipar verkefnastjóra náms. Hlutverk verkefnastjóra er að hafa umsjón með náminu og framkvæmd þess, sjá til þess að námsþættir séu samþættir eins og kostur er og tryggja rökrétta samfellu þeirra. Framsetning námsefnis þarf að taka mið af reynslu nemanna.

Leiðbeinendur tala íslensku. Ef brýn þörf er á, skýra leiðbeinendur mál sitt á öðru tungumáli sem hentar nemahópi.

Hæfniviðmið náms

Að loknu námi skal námsfólk búa yfir færni samkvæmt eftirfarandi hæfniviðmiðum. Nánar er vísað til hæfniviðmiða einstakra námsþátta:

Þekking

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- að vélbúnaður og hugbúnaður vinna saman og takmörkum þeirrar samvinnu
- stillingum á notendaviðmóti stýrikerfa
- að skýjalausnir eru gagnageymsla og vinnslusvæði og þeim kostum sem felast í því að vinna og vista gögn í skýjalausn
- birtingarmyndum helstu rafrænna ógna sem tækjum, vél- og hugbúnaði stafar hætta af samskiptum og samvinnu í upplýsingatækni
- tækjum og hugbúnaði sem notaður er í fjarvinnu
- að sjálfvirkni og gervigreind getur auðveldað vinnu í upplýsingatækni
- mismunandi lestraraðferðum og hvenær þær henta
- mikilvægi tjáningar til að koma hugsunum sínum og skoðunum á framfæri við aðra.
- möguleikum tölvunotkunar við textagerð og til upplýsingaöflunar
- mismunandi aðferðum ritunar eftir því sem við á hverju sinni

Leikni

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- taka þátt í fjarvinnu og fjarnámi
- velja vélbúnað og hugbúnað út frá notkun og þörfum eigin vinnuumhverfis
- stilla notendaviðmót stýrikerfa þannig að þau verði notendavæn fyrir viðkomandi
- vista og vinna með gögn, deila þeim og hafa samskipti í skýjalausnum
- lesa mismunandi texta, sjálfum sér til gagns og ánægju, með fjölbreyttum lestraraðferðum.
- beita grunnreglum í stafsetningu og málfræði til að stafsetja orð
- beita virkri hlustun og tjá sig á öruggan hátt
- nota ritvinnsluforrit og samfélagsmiðla við textagerð og samskipti
- beita mismunandi aðferðum til að skrifa ýmsar gerðir af textum
- lesa mismunandi texta, sjálfum sér til gagns og ánægju, með fjölbreyttum lestraraðferðum.

Hæfni

Nemi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- móta jákvæð viðhorf gagnvart tækjum og upplýsingatækni
- styrkja grunnþekkingu sína og færni í upplýsingatækni
- hafa trú á eigin getu við vinnu í upplýsingatækni og tileinka sér nýjungar og nýtt skilvirkara vinnulag
- nýta vélbúnað og hugbúnað sem hæfir viðfangsefni og vinnuumhverfi



- nota stillingar notendaviðmóts stýrikerfis sem auka skilvirkni og henta vinnuumhverfinu
- nota vinnuaðferðir í skýjalausnum sem henta vinnuumhverfinu til þess að hagræða og auka skilvirkni
- viðhalda öryggi tækja, gagna, skýjalausna og netkerfa í sínu nánasta stafræna umhverfi
- eiga viðeigandi og góð samskipti við aðra í samvinnu og fjarvinnu í upplýsingatækni
- geta skipulagt vinnu sína í upplýsingatækni og nýtt sjálfvirkni til hagræðingar
- setja upp skipulegan texta á mismunandi hátt.
- nýta fjölbreyttar aðferðir til að stafsetja orð og rita texta með viðeigandi hjálpartækjum.
- greina efnisinntak orðræðu við lestur.
- hlusta, tjá sig og vinna með öðrum á jákvæðan og skipulegan hátt
- greina efnisinntak orðræðu við lestur.

Námsmat

Námsrángur er metinn út frá þekkingar-, leikni- og hæfniviðmiðum námsins með fjölbreyttum matsaðferðum sem fræðsluáðili samþykkir og lýst er í kennsluáætlun. Áhersla er lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist. Námsmati er ætlað að nýtast sem staðfesting á námsrángri og jafnframt sem lærdómur, hvatning og endurgjöf á námstímanum.

Yfirlitstafla

Námsleið: Tæknilæsi og tölvufærni - íslenska

Tafla 1: Skipulag náms

Tími er tilgreindur í klukkustundum

Nafn námsþáttar	Skammstöfun namskra.is	Klst. heild	Klst. Fræðslu	Klst. framlag-viðbót	Prep
Tæknifærni og tæknilæsi	F- TÆTÖ2TÆ	10	8	2	2
Stýrikerfi	F- TÆTÖ2ST	6	6		2
Skýjalausnir	F- TÆTÖ2SK	10	8	2	2
Sjálfvirkni og gervigreind	F- TÆTÖ2SJ	6	6		2
Öryggisvitund	F- TÆTÖ2ÖR	7	6	1	2
Fjarvinna og fjarnám	F- TÆTÖ2FJ	6	6		2
Lestur	F- TUNG1LE_1	11	11		1
Ritun	F- TUNG1RI_3	6	6		1
Vinnuframlag nema		62	57	5	

Tölur aftan við skammstöfun í töflunni vísa til útgáfunúmers námsþáttar á vefsvæði namskra.is

Frjálst val: Nei

Námsþættir

Heiti námsþátta kemur fram í yfirlitstöflu hér að framan og nánari lýsing er á hverjum námsþætti hér á eftir. Heitin eru lýsandi fyrir hvert fag. Þar fyrir aftan eru einkenni námsþátta úr namskra.is

Tæknifærni og tæknilæsi

F- TÆTÖ2TÆ

Þrep	2
Vinnustundir	10 (8+2)
Námsgrein	Tæknilæsi og tölvufærni
Viðfangsefni	Tæknilæsi, vélbúnaður, hugbúnaður, vistun gagna, villumeldingar

Lýsing

Námsþættinum er ætlað að efla tæknifærni og tæknilæsi námsmannsins. Það felur í sér að þjálfa getu og skilning til að nýta ýmis tæki og hugbúnað. Einnig að skilja uppbyggingu vélbúnaðar tölvu og ólíkra tegunda tækja sem notuð eru í upplýsingatækni og að átta sig á að vélbúnaður og hugbúnaður vinna saman. Fjallað verður um mikilvægi þess að velja bæði réttan hugbúnað og vélbúnað í samræmi við þarfir og í hvað á að nota búnaðinn. Einnig verður fjallað um vistun gagna og afritun þeirra og hvernig bregðast á við villumeldingum frá hugbúnaði.

Hæfniviðmið námsþátta

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Íhlutum tölvu, eins og hörðum disk, örgjörva og skjákorti
- Mismunandi tegundum tækja (t.d. þjónar, tölvur, snjalltæki) sem notuð er í upplýsingatækni -
- Hlutverki og takmörkunum mismundandi tækja
- Hlutverki og takmörkunum mismundandi hugbúnaðar
- Hvernig og hvort hugbúnaður og vélbúnaður geta unnið saman
- Helstu möguleikum á vistun gagna og afritun gagna
- Merkingu villumeldinga og að bregðast þarf við þeim.

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- Velja vélbúnað út frá notkun og þörfum
- Velja hugbúnað út frá þörfum og því tæki sem hugbúnaðurinn vinnur með
- Velja vistunarstað gagna út frá möguleikum um aðgengi
- Geta lesið villumeldingar og metið næstu skref.

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- Nýta viðeigandi vélbúnað eftir verkefni og aðstæðum
- Vinna með hugbúnað sem hæfir viðfangsefninu
- Vista og afrita gögn eftir því sem við á og í samræmi við verkferla eða vinnuvenjur
- Bregðast við villumeldingum á réttan hátt til að lágmarka hindranir í vinnslu.

Námsmat

Námsárangur er metinn út frá þekkingar-, leikni- og hæfniviðmiðum námsins með fjölbreyttum matsaðferðum sem fræðsluaðili samþykkir og lýst er í kennsluáætlun. Áhersla er lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist. Námsmati er ætlað að nýtast sem staðfestingá námsárangri og jafnframt sem lærdómur, hvatning og endurgjöf á námstímanum.

Stýrkerfi

F- TÆTÖ2ST)

Prep	2
Vinnustundir	6
Námsgrein	Tæknilæsi og tölvufærni (TÆTÖ)
Viðfangsefni	Stýrikerfi, stillingar stýrikerfa

Lýsing

Námsþættinum er ætlað að kynna nemendum helstu stýrikerfi og eiginleika þeirra. Fjallað verður um hvert hlutverk stýrikerfa er og tengingu þeirra við tæki. Farið verður í stillingar notendaviðmóts og möguleika stýrikerfa sem auðvelda einstaklingi að vinna við tölvu og tæki á skilvirkan hátt. Einnig verður lögð áhersla á aðgangsheimildir og uppfærslur og tilgang þeirra.

Að auki verður fjallað um hvernig ólík stýrikerfi geta unnið saman og hverjar eru takmarkanir þeirra, einnig að mismunandi útgáfur forrita virka með ólíkum stýrikerfum.

Hæfniviðmið námsþáttar

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Helstu stýrikerfum, eiginleikum þeirra og viðmóti
- Algengustu stillingum á notendaviðmóti ólíkra stýrikerfa og að þær geta verið mismunandi milli kerfa
- Takmörkunum ólíkra stýrikerfa, t.d. varðandi framboð forrita sem hægt er að setja upp á stýrikerfi
- Að stýrikerfi uppfylla ólíkar þarfir og bjóða upp á mismunandi notkunarmöguleika.

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- Geta stillt viðmót stýrikerfis þannig að það verði notendavænt fyrir viðkomandi.

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- Meta og nota stillingar notendaviðmóts stýrikerfis sem auka skilvirkni og henta vinnuumhverfi
- Átta sig á hvaða þáttum stýrikerfis hann getur haft stjórn á og hverjum ekki.

Námsmat

Námsárangur er metinn út frá þekkingar-, leikni- og hæfniviðmiðum námsins með fjölbreyttum matsaðferðum sem fræðsluaðili samþykkir og lýst er í kennsluáætlun. Áhersla er lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist. Námsmati er ætlað að nýtast sem staðfestingá námsárangri og jafnframt sem lærdómur, hvatning og endurgjöf á námstímanum.

Skýjalausnir

F- TÆTÖ2SK

Prep	2
Vinnustundir	10 (8+2)
Námsgrein	Tæknilæsi og tölvufærni (TÆTÖ)
Viðfangsefni	Skýjalausn, öryggismál, aðgangsstýring, útgáfusaga skjala, deiling skjala, tvöföld auðkenning

Lýsing

Námsþættinum er ætlað að efla skilning og færni námsmanna í vinnu við skýjalausnir. Fjallað verður um tilgang og notkunarmöguleika skýjalausna. Farið verður yfir samvinnu í gegnum skýjalausnir sem felur í sér að unnið eru á sameiginlegu vinnusvæði í skýi en ekki á einstaka tækjum. Fjallað er um deilingu skjala og gagna í gegnum skýjalausnir, bæði þegar unnið er í sömu skýjalausninni og sitt hvorri. Farið er í hvernig útgáfusaga skjala virkar, aðgangsstýring og öryggismál skýjalausna.

Hæfniviðmið námsþáttar

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Helstu skýjalausnum og hvað er líkt með þeim og hvað er ólíkt
- Að skýjalausn er gagnageymsla og vinnslusvæði
- Öryggismálum skýjalausna og af hverju þau skipta máli fyrir vinnustaði og einstaklinga
- Tilgangi útgáfusögu skjala í skýjalausnum
- Hvernig skjölum er deilt í skýjalausn og hver er tilgangur deilingar
- Tvöfaldri auðkenningu við innskráningu í skýjalausn.

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- Vinna með skjöl í skýjalausnum, svo sem að stofnað, vistað, breyta deila skjölum
- Setja af stað og eiga samskipti og samstarf í skýjalausn
- Tryggja öryggi skjala í skýjalausnum
- Geta nýtt tvöfalda auðkenningu til að tryggja öryggi skýjalausna.

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- Vinna af öryggi bæði sjálfstætt og með öðrum í skýjalausn
- Geta átt og sett af stað samvinnu í skýjalausn og valið viðeigandi leiðir á öruggan hátt
- Nýta sér útgáfustýringu skjala til að tryggja gæði skjalavinnslu
- Vera ábyrgur og gæta öryggis í vinnu við skýjalausnir.

Námsmat

Námsrángur er metinn út frá þekkingar-, leikni- og hæfniviðmiðum námsins með fjölbreyttum matsaðferðum sem fræðsluaðili samþykkir og lýst er í kennsluáætlun. Áhersla er lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist. Námsmati er ætlað að nýtast sem staðfestingá námsrángri og jafnframt sem lærdómur, hvatning og endurgjöf á námstímanum.

Sjálfvirkni og gervigreind

F- TÆTÖ2SK

Prep	2
Vinnustundir	6
Námsgrein	Tæknilæsi og tölvufærni (TÆTÖ)
Viðfangsefni	Sjálfvirkni, gervigreind

Lýsing

Námsþættinum er ætlað að efla skilning á hvað sjálfvirkni og gervigreind felur í sér og hvernig sú tækni getur auðveldað daglegt líf og störf. Farið er yfir mismunandi stig gervigreindar og sjálfvirkni og hún útskýrð á einfaldan hátt. Fjallað verður um hvernig gervigreind og sjálfvirkni er notuð í dag við hin ýmsu verk, allt frá einföldum ferlum sem aðstoða einstakling við að halda utan um eigin verk, svo sem tölvupóst, til stærri og flóknari viðfangsefna, til dæmis beitingu gervigreindar í stórfyrirtækjum.

Tekin eru dæmi um hvernig nýta má sjálfvirkni til að hagræða og flýta fyrir verkum og gera vinnuna auðveldari.

Hæfniviðmið námsþáttar

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Hugtakinu sjálfvirkni og hvernig hún getur auðveldað dagleg störf - - -
- Hugtakinu gervigreind, mismunandi stigum hennar og hvernig hún er notuð í dag
- Uppsetningu einfaldra verka í ýmsum tækjum þar sem sjálfvirkni er beitt
- Hvernig sjálfvirkni og gervigreind nýtist í daglegum störfum og iðnaði

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- Beita aðferðum sjálfvirkni á einföld persónubundin verkefni

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- Nýta sjálfvirkni til að einfalda og stytta verktíma
- Meta hvenær aðferðir sjálfvirkni geta nýst í starfi
- Gera sér grein fyrir áhrifum sjálfvirkni og gervigreindar á líf og störf
- Gera sér grein fyrir hvenær sjálfvirkni getur auðveldað störf og gert þau skilvirkari

Námsmat

Námsárangur er metinn út frá þekkingar-, leikni- og hæfniviðmiðum námsins með fjölbreyttum matsaðferðum sem fræðsluaðili samþykkir og lýst er í kennsluáætlun. Áhersla er lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist. Námsmati er ætlað að nýtast sem staðfestingá námsárangri og jafnframt sem lærdómur, hvatning og endurgjöf á námstímanum.

Öryggisvitund

F- TÆTÖ2ÖR

Prep	2
Vinnustundir	7 (6+1)
Námsgrein	Tæknilæsi og tölvufærni (TÆTÖ)
Viðfangsefni	Öryggismál stýrikerfa og beina, netöryggi, öryggi tækja

Lýsing

Námsþættinum er ætlað að auka vitund varðandi öryggismál með það að leiðarljósi að námsmaður verði fær um að vinna á ábyrgan hátt að öryggismálum í upplýsingatækni og fylgja eftir viðteknum öryggisreglum.

Fjallað verður um ógnir í upplýsingatækni, öryggismál stýrikerfa og þær aðgerðir sem hægt er að framkvæma til að tryggja öryggi þeirra. Einnig verður lögð áhersla á netöryggi og á það m.a. við um öryggismál vafra, tölvupósta, öryggisstillingar beina (Router) og öryggismál nettengdra tækja.

Hæfniviðmið námsþáttar

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Helstu ógnum í upplýsingatækni og hver áhrif þeirra geta verið
- Aðgerðum til að tryggja öryggi stýrikerfa
- Virkni beina (Router) og helstu öryggisatriðum þeirra
- Spilliforritum (Malware)
- Fölskum vefsíðum (Phishing)
- Fölskum tölvupóstum (Phishing).

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- Beita aðferðum til að tryggja öryggi stýrikerfa
- Beita aðferðum til að tryggja öryggi beina
- Verjast spilliforritum
- Greina og bera kennsl á falska tölvupósta
- Greina og bera kennsl á falskar vefsíður.

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- Tryggja öryggi stýrikerfa til að fyrirbyggja að utanaðkomandi aðilar geti nálgast gögn og upplýsingar í tækjum og skýjalausnum
- Tryggja öryggi þráðlausra neta og þar með hámarka öryggi tækja
- Nýta aðferðir til að verjast spilliforritum og eyða þeim af tækjum
- Bregðast við öryggisógnum sem berast með fölskum tölvupóstum á þann hátt að öryggis sé gætt og viðkvæmar upplýsingar varðar
- Forðast falskar vefsíður á ábyrgan hátt til að koma í veg fyrir að viðkvæmar upplýsingar lendi í röngum höndum
- Sýna skilning á að einstaklingurinn ber mikla ábyrgð á öryggi í upplýsingatækni.

Námsmat

Námsárangur er metinn út frá þekkingar-, leikni- og hæfniviðmiðum námsins með fjölbreyttum matsaðferðum sem fræðsluaðili samþykkir og lýst er í kennsluáætlun. Áhersla er lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist. Námsmati er ætlað að nýtast sem staðfestingá námsárangri og jafnframt sem lærdómur, hvatning og endurgjöf á námstímanum.

Fjarvinna og fjarnám

F- TÆTÖ2FJ

Prep	2
Vinnustundir	6
Námsgrein	Tæknilæsi og tölvufærni (TÆTÖ)
Viðfangsefni	Fjarvinna, fjarnám, umgengisreglur

Lýsing

Námsþættinum er ætlað að efla færni námsmanna í fjarvinnu í formi þátttöku og skipulagningar fjarfunda bæði í starfi og í fjarnámi. Fjallað er um hvaða tæki eru notuð í fjarvinnu. Farið er yfir hugbúnað og samvinnu- og samskiptatöl og áhersla er lögð á skipulag fjarvinnu með það að markmiði að námsmaður geti nýtt aðferðir og tæki sem best í starfi og námi. Einnig verður farið yfir umgengisreglur og fundamenningu í fjarvinnu.

Hæfniviðmið námsþáttar

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Tækjum sem nýtast í fjarvinnu
- Hugbúnaði sem hentar fyrirbyggjandi verkefnum eða aðstæðum í fjarvinnu
- Mikilvægi skipulagningar fjarvinnu, bæði þegar kemur að tækni og umhverfi
- Viðeigandi samskiptum í fjarvinnu
- Möguleikum og takmörkunum samskipta í gegnum fjarfundarbúnað.

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- Velja tæki sem henta best hverju verkefni eða aðstæðum í fjarvinnu
- Velja hugbúnað sem hentar hverju verkefni eða aðstæðum í fjarvinnu
- Skipuleggja eigin fjarvinnu
- Skipuleggja og stjórna fjarvinnu í samstarfi við aðra
- Eiga góð samskipti í gegnum fjarfundarbúnað og fara eftir viðurkenndum samskiptareglum.

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- Nota tæki og hugbúnað sem eiga við hverju sinni og hæfa verkefnum og aðstæðum í fjarvinnu
- Taka þátt í fjarvinnu á skipulegan og skilvirkan hátt, bæði sem þátttakandi og stjórnandi
- Virða samskiptareglur í fjarvinnu og hafa góða fundamenningu að leiðarljósi.

Námsmat

Námsárangur er metinn út frá þekkingar-, leikni- og hæfniviðmiðum námsins með fjölbreyttum matsaðferðum sem fræðsluaðili samþykkir og lýst er í kennsluáætlun. Áhersla er lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist. Námsmati er ætlað að nýtast sem staðfestingá námsárangri og jafnframt sem lærdómur, hvatning og endurgjöf á námstímanum.

Lestur

F- TUNG1LE_1

Prep	1
Vinnustundir	11
Námsgrein	Tungumál
Viðfangsefni	Lestur

Lýsing

Í þessum námsþætti er beitt samvirkri kennsluaðferð í lestri. Áhersla er lögð á hvort tveggja, einingar innan orða og merkingarbærar heildir. Unnið er með nálgun fjölskynjunar, það er snertingu, hreyfingu, sjón, heyrn og tali til að virkja sem flest skynfæri til náms. Merking orða og þau sem erfitt er að lesa, eru skoðuð sérstaklega, þau krufin til mergjar með fjölskynjunarnálgun og sett í fjölbreytt samhengi. Með þessari þjálfun örvast öll umskráning og lesskilningur og flæði lesturs á tungumálinu verður námsmönnum til gagns og ánægju.

Námsefnið þyngist stig af stigi og verður fjölskynjunaraðferðin virkt hjálpartæki fyrir námsmanninn til að kynnast tungumálinu betur.

Hæfniviðmið námsþáttar

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Bókstöfum, atkvæðum og hljóðum.
- Orðum og uppruna þeirra.
- Framburði og merkingu orða.
- Greinarmerkjum og hvernig tekið skuli mið af þeim við lestur texta.
- Mikilvægi lestrarnákvæmni og hraða.
- Mismunandi lestraraðferðum og hvenær þær henta til að fá; gróft yfirlit, afla bókstaflegra upplýsinga, lesa milli lína og draga ályktanir.
- Möguleikum tölvunotkunar til upplýsingaöflunar.

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- Nota viðeigandi aðferð við lestur.
- Lesa öll orð, þar á meðal þau sem eru ókunn og flókin.
- Lesa og skilja mismunandi texta.
- Beita aðferðum sem auka lestrarnákvæmni og leshraða.
- Lesa sjálfum sér til gagns og ánægju mismunandi texta.

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- Nýta sér fjölbreyttar lestraraðferðir.
- Auka og styrkja færni sína og þol til að lesa og skilja mismunandi texta.
- Auka lestrarnákvæmni og leshraða.
- Nýta sér tölvu og talgervil við lestur á því tungumáli sem við á.

Námsmat

Námsárangur og námsframvinda eru metin með hliðsjón af hæfniviðmiðum námskrár, með fjölbreyttum matsaðferðum. Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni námsmanna. Æskilegt er að stöðumat fari fram áður en námið hefst, þannig gefst námsmönnum tækifæri til að fylgjast með framförum og fá einstaklingsbundna leiðsögn um framhaldið.

Ritun

F- TUNG1RE_3

Prep	1
Vinnustundir	6
Námsgrein	Tungumál
Viðfangsefni	Ritun

Lýsing

Í námsþættinum er áhersla er lögð á ritun stuttra texta eftir forskrift og frá eigin brjósti. Textarnir eru settir upp á skipulegan hátt með áherslu á notkun leiðréttingar- og yfirlstrarforrita.

Hæfniviðmið námsþáttar

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Mismunandi aðferðum ritunar eftir því sem við á hverju sinni.
- Ólíkum frásagnarmáta eftir tilefnum.
- Hvernig koma á hugsunum sínum á framfæri á skipulegan hátt.
- Möguleikum ýmissa forrita við textagerð og í samskiptum.

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- Skrifa texta varðandi daglegar athafnir svo sem tölvupóst og mismunandi orðsendingar.
- Skrifa ýmsar gerðir af textum í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum.
- Beita mismunandi aðferðum við að koma frásögn á viðeigandi textaform.
- Nota yfirlstrarforrit og orðabækur þar á meðal netorðabækur.
- Nota tölvuforrit til að setja upp skipulegan texta á mismunandi hátt

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- Nýta sér fjölbreyttar lestraraðferðir.
- Auka og styrkja færni sína og þol til að lesa og skilja mismunandi texta.
- Auka lestrarnákvæmni og leshraða.
- Nýta þau hjálpartæki sem henta hverju sinni.

Námsmat

Námsárangur og námsframvinda eru metin með hliðsjón af hæfniviðmiðum námskrár, með fjölbreyttum matsaðferðum. Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni námsmanna. Æskilegt er að stöðumat fari fram áður en námið hefst, þannig gefst námsmönnum tækifæri til að fylgjast með framförum og fá einstaklingsbundna leiðsögn um framhaldið.

